

# Ímynd Íslands árið 1746

Bókarhöfundur: **Johann Anderson.**

Bókarheiti: **Frásagnir af Íslandi ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð.**

Umsjón með útgáfu: **Gunnar Þór Bjarnason og Már Jónsson.**

Gagnrýnandi: **Ólafur Rastrick**, aðjúnkt í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Útgáfa: **Sögufélag, Reykjavík 2013. (Safn Sögufélags: Þýdd rit síðari alda um Ísland og Íslendinga 5), 292 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Að þessu sögðu skal ekki dregið út því að það er ferlega skemmtilegt að geta loksins lesið skrif Andersons í þessari vönduðu íslensku þýðingu og eiga þýðendurnir og Sögufélag mikið lof skilið fyrir að standa að útgáfunni. Ég hef líka trú á að mörgum muni finnast þessi 267 ára gamla lýsing á landi og þjóð sérdeilis áhugaverð...”

*Frásagnir af Íslandi* eftir átjándu aldar manninn Johann Anderson er fimmta bindið í velheppnaðri röð þýddra rita sem Sögufélag heldur úti. Þótt langt líði milli útgáfubóka (sú fyrsta kom út 1983) hefur félagið náð að halda dálítið gamaldags og einkar snotru útliti ritraðarinnar. Sem fyrr er þetta bindi í flesta staði vandaður en hógvæv prentgripur, bundinn með gamla laginu og í fallegu bandi. Innihaldið er ekki síðra, vandaðar og læsilegar þýðingar á stórskemmtilegum textum frá sextándu, sautjándu og átjándu öld, efni sem hefur haft heilmikil áhrif á sýn útlendinga á Ísland og sjálfsmynd Íslendinga.

Meginefni bókarinnar er texti Johans Andersons um Ísland sem fyrst kom út í Hamborg í ritinu *Nachrichten von Island, Grönland und der Straffe Davis, zum wahren Nutzen der Wissenschaft und der Handlung* árið 1746. Viðfangsefnið er greinargerð fyrir náttúrufari og íbúum þessara landa, víða nokkuð furðulegar enda er efnið byggt á mistraustum frásögnum, sögusögnum og eldri ritum, sumum æði goðsagnarkenndum. Anderson sjálfur mun aldrei hafa komið hvorki til Íslands né Grænlands. Efnið er þannig af þeirri tegund landfræðilýsinga sem tíðkuðust fyrir daga Upplýsingarinnar og gerðu sér mat úr furðusögnum ekki síður en rannsóknum og vitnisburði af vettvangi.



Bók Andersons mun hafa vakið talsverða athygli þegar hún kom út, var t.d. fljótlega þýdd á ýmis Evrópumál, þó ekki á íslensku fyrr en nú - og var þá kominn tími til. Ritið var samt sem áður ágætlega þekkt á Íslandi, m.a. í gegnum danska þýðingu frá 1748, en þeirri útgáfu fylgdu andmæli Jóns Þorkelssonar, áður rektors við Skálholtsskóla, við meint „ósannindi og margan ósóma“ um Ísland og íslensku þjóða í riti Andersons. Þessi pistill Jóns er birtur í útgáfu Sögufélags, í fyrsta skipti á íslensku. Þá eru í bókinni tveir miklu eldri textar sem tilheyra sömu bókmenntategund og fjalla um Ísland: Annars vegar þýðing Guðbrands Jónssonar í óbundnu máli á kvæði Peerse *Um Ísland*, sem kom upphaflega út 1561 og hins vegar þýðing Haraldar Sigurðssonar á bók Blefkens *Islandia* frá 1607. Tveir síðarnefndu textarnir eru stuttir og fá því að fylgja að því er virðist vegna þess að hér er um einhverjar hressilegustu lýsingar á háttum íslensku þjóðarinnar sem fyrirfinnast, auk furðusagna af íslenskri náttúru og staðháttum, lýsingar sem sómakærir íslenskir fræðimenn hafa síðan lagt sig í líma við að leiðrétta. Þýðingarnar á skrifum Peerse og Blefken hafa birst áður í ritinu *Glögg er gests augað* sem kom út árið 1946. Þar sem langt er liðið frá þeirri útgáfu var ekki vitlaust að gefa þá út aftur, enda sérlega hnýsilegir textar.

Aðalefni bókarinnar er þó eins og áður segir umfjöllun Andersons um Ísland og Íslendinga í lipurri þýðingu sagnfræðinganna Gunnars Þórs Bjarnasonar og Más Jónssonar. Þeir skrifa jafnframt ítarlegan og gagnlegan inngang þar sem þeir gera grein fyrir höfundinum og verki hans, setja í sögulegt samhengi og gera grein fyrir áhrifum bókarinnar á síðari höfunda og viðhorf til Íslendinga - auk þess að fjalla um þýðinguna. Þetta virðist allt í anda traustrar filólógíu og skemmtilega laust við að vera sett í nútímalegt kenningalegt samhengi – ekki verra fyrir það!

Stærsti galli útgáfunnar er að þetta er bara hálf bókin, einungis það sem við kemur Íslandi birtist hér en þættinum um Grænland og Davissund er sleppt (sem og æviágripí höfundarins). Þetta er reyndar í anda ritraðarinnar en markmiðið með henni hefur snúist um að þýða skrif um Ísland og Íslendinga. Það verður þó að segjast að slík áhersla á að einblína á Ísland og taka það þar með úr samhengi er dálítið gamaldags og óþarflega þjóðhverft. Ímyndir þjóða og landsvæða verða til í samanburði og því hefði það óneitanlega verið afar spennandi fyrir íslenska lesendur ef að restin af bókinni hefði fengið að fljóta með. Það hefði sett Íslandslýsinguna í allt annað og víðara samhengi en þar sem hún stendur ein og sér. Þetta hefði ekki síður verið brýnt vegna þess að Íslendingar hafa verið furðulega hirdulausir um að setja sig inn í sögu þessara næstu nággranna í vestri og að kanna sína eigin sögu og sjálfsmyndarmótun í því samhengi. Útlendingar hafa oft í gegnum aldirnar (og gera kannski enn) sett Ísland og Grænland undir sama hatt en Íslendingar hafa líklega meira verið uppteknir af því að aðgreina sig frá Grænlandingum en hitt og þá aðallega með því að klippa þá út úr myndinni eins og í þessu tilviki. Þá gleymist það stundum að fyrir utan það að vera í næsta nágrenni hvors annars á jarðkringlunni tilheyru Ísland og Grænland ásamt fleirum sama fjölbjóðlega ríkinu öldum saman. Það er löngu kominn tími til að gæta betur að því samhengi.

Að þessu sögðu skal ekki dregið út því að það er ferlega skemmtilegt að geta loksins lesið skrif Andersons í þessari vönduðu íslensku þýðingu og eiga þýðendurnir og Sögu-

félag mikið lof skilið fyrir að standa að útgáfunni. Ég hef líka trú á að mörgum muni finnast þessi 267 ára gamla lýsing á landi og þjóð sérdeilis áhugaverð, t.d. eftirfarandi umsögn um lesti fullorðinna Íslendinga:

Allur almenningur veit þar af leiðandi lítið um Guð og vilja hans. Flestir eru hjátrúarfullir og svikulir og hika ekki við að fremja meinsæri, jafnvel gegn sínum nánustu ef fáein mörk eru í boði. Þeir eru deilugjarnir og illviljaðir, hefnigjarnir, flaráðir og þrællyndir, óhófssamir, lostafullir og saurlífir, svikulir og þjófóttir. Hvaða ódyggða er ekki að vænta hjá fólki sem dvelst á eyðilegu landi og stundar sjó í ótakmörkuðu sjálfræði, án aðhalds samviskunnar, eftirlits og utanaðkomandi aga? Fyrir vikið komast þeir upp með að sedja taumlausar fýsnir sínar án viðurlaga og við það bætist hve ákaft, stöðugt og almennt þeir þjóna drykkjuskapnum, sem er frjósöm móðir allra lasta. (Bls. 192)

